



ISAVIA

Ársreikningur
2018





ISAVIA

VELKOMIN



Ég býð ykkur velkomin á tíunda aðalfund Isavia. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan félagið var stofnað við sameiningu Flugstoða og Keflavíkurflugvallar. Síðan þá hefur farþega fjöldi á flugvöllum félagsins vaxið um 360 prósent og umferð um íslenska flugstjórnarsvæðið aukist mikið. Flognir kílómetrar voru um 143 milljónir árið 2010 en ríflega 267 milljón kílómetrar 2018.

Vinnuumhverfið hefur einnig breyst umtalsvert. Starfsemin hefur nú margföld áhrif á samfélagið miðað við það sem var við stofnun félagsins. Félagið er meðvitað um þá ábyrgð sem á því hvílir og þau áhrif sem það hefur með rekstri íslenskra flugvalla og flugleiðsöguþjónustu, starfsemi sem leggur grunn að flugsamgöngum Íslands.

Isavia mótaði stefnu í samfélagsábyrgð árið 2016 og undirritaði alþjóðasamning Sameinuðu þjóðanna (UN Global Compact) í kjölfarið. Félagið hefur sett sér metnaðarfull markmið í samfélagsábyrgð í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Síðastliðin tvö ár höfum við gefið út árs- og samfélagskýrslu félagsins á prentuðu formi en nú

er skýrslan í fyrsta sinn gefin út á vefformi og mun framvegis verða eingöngu á vefnum. Hún er gerð samkvæmt viðmiðum GRI (Global Reporting Initiative) og eru markmið í samfélagsábyrgð og árangur sett fram með ítarlegum hætti. Þar er einnig rakið hvernig tekið er á umhverfis- og samfélagsmálum í starfseminni og hvaða efnahagsleg áhrif starfsemi félagsins hefur.

Þá er í skýrslunni birt margþætt tölfræði um flug- og farþegaþróun sem er mikilvæg fyrir ferðaþjónustuna, stjórnvöld og efnahagslífið í heild. Ég vil hvetja ykkur til þess að skoða árs- og samfélagsvef félagsins á slóðinni www.isavia.is/arsskyrsla2018.

Þessi prentaða útgáfa ársskýrslu Isavia fyrir árið 2018 hefur aftur á móti eingöngu að geyma lykilupplýsingar úr ársreikningi félagsins sem lagður er fram á aðalfundi.

Með góðri kveðju,
Ingimundur Sigurpálsson,
Stjórnarformaður Isavia



KYNNTU ÞÉR ÁRIÐ OKKAR Á NÝJUM ÁRSSKÝRSLUVEF

Framvegis verður árs- og samfélagskýrsla Isavia eingöngu birt á vefnum. Kynntu þér hana og fjölbreytta starfsemi okkar á nýjum ársskýrsluvef — ársskýrslur eru ekki bara krónutölur.

ISAVIA.IS/ARSSKYRSLA2018



ISAVIA

UMSVIF STARFSEMINNAR

Árið 2018 var mjög viðburðarríkt hjá Isavia. Metfjöldi farþega fór um Keflavíkurflugvöll en þó hægði á vexti farþega um flugvöllinn miðað við síðustu ár. Sömuleiðis hafa aldrei verið flognir jafn margir kílómetrar í gegnum íslenska flugstjórnarsvæðið. Samdráttur varð hins vegar í heildarfarþegafjölda í innanlandsflugi, en þó fjölgaði millilandafarþegum á innanlandsflugvöllum frá fyrra ári. Hér á eftir er yfirlit yfir starfsemi Isavia árið 2018 skipt eftir meginstarfssviðum félagsins.

Flugvallasvið

Stefna stjórnvalda er að innanlandsflug verði hagkvæmari valkostur fyrir íbúa landsbyggðarinnar og hugað skuli að möguleikum til að opna fleiri hlið inn í landið og fjölga þannig svæðum sem njóta góðs af ferðaþjónustu. Til þess að ná þessum tveimur markmiðum verða innviðir kerfisins að vera traustir og styðja við markaðssetningu og vaxtarmöguleika í flugsamgöngum.

Innviðir þessa samgöngukerfis, sem Isavia rekur samkvæmt þjónustusamningi að mestu leyti á kostnað ríkissjóðs, eru aftur á móti í miður góðu ástandi vegna áralangs skorts á fjárveitingum til viðhalds og endurbóta. Flugöryggi er ekki stefnt í hættu en verði ekki að gert blasir við að draga þurfi úr þjónustustigi flugvalla nema langtímafjármögnun verði tryggð til nauðsynlegs viðhalds og uppbyggingar.

Árið 2018 héldu þrjú flugfélög uppi áætlunarflugi innanlands, Air Iceland Connect, Flugfélagið Ernir og Norlandair. Önnur flugfélög sem nýttu þjónustu Isavia að staðaldri voru Mýflug, Atlantsflug, Circle Air og Norðurflug. Fyrirtækin Vesturflug/Blue West og Helo reka þyrluþjónustu á flugvöllum félagsins.

Á Reykjavíkurflugvelli sinna þrjár aðilar flugafgreiðsluþjónustu fyrir einkaflugvélar og leiguflugvélar, BIRK Flight Services, Air Iceland Connect og Reykjavík FBO. Þá flýgur Air Iceland Connect reglulegt áætlunarflug til nokkurra staða á Grænlandi en Færeyjaflug Atlantic Airways hefur flust til Keflavíkurflugvallar. Flugskóli Íslands og Flugfélagið Geirflugl eru einnig með starfsemi á flugvöllum.

Á Akureyrarflugvelli starfa tvö félög við flugafgreiðsluþjónustu fyrir einkaflugvélar og leiguflugvélar, Air Iceland Connect og Suðurflug. Norlandair heldur uppi áætlunar- og leiguflugi til Grænlands og ferðaskrifstofur á svæðinu hafa boðið upp á beinar ferðir frá Akureyri til nokkurra áfangastaða erlendis. Breska ferðaskrifstofan Super Break starfrækti beint leiguflug frá Bretlandi til Akureyrar fyrstu þrjá mánuði ársins og aftur í desember. Air Iceland Connect hefur undanfarin ár flogið milli Akureyrar og Keflavíkurflugvallar í tengslum við helstu áfangastaði Ícelandair í Evrópu og Norður-Ameríku yfir vetrarmánuðina. Flugskóli Akureyrar annast flugkennslu og Akureyrarflugvöllur er miðstöð fyrir sjúkraflyg landsins sem flugfélagið Mýflug hefur með höndum fyrir heilbrigðisráðuneytið.

Á Egilsstaðaflugvelli hefur Air Iceland Connect með höndum flugafgreiðsluþjónustu fyrir einkaflugvélar og leiguflugvélar. Ferðaskrifstofur á svæðinu hafa boðið upp á beint leiguflug frá Egilsstöðum til nokkurra erlendra áfangastaða.

Flugleiðsögusvið

Flugleiðsögusvið á í víðtæku alþjóðasamstarfi og leggur áherslu á örugga og hagkvæma þjónustu. Flugumferð er sívaxandi og felst mikil áskorun í að tryggja mannauð og innviði til þess að mæta auknum umsvifum. Kostnaður við þjónustuna er greiddur af notendum í samræmi við milliríkjasamning á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

Endurnýjun á stoðkerfum á borð við fjarskipti, kögum og flugleiðsögu á íslenska flugstjórnarsvæðinu er



að mestu leyti lokið og unnið er að skipulagningu aukinnar þjónustu. Samhliða er unnið að endurnýjun og uppfærslu flugstjórnarkerfa til þess að styðja við aukið þjónustustig á flugstjórnarsvæðinu og á Keflavíkurflugvelli.

Á Keflavíkurflugvelli er unnið ásamt rekstrarsviði flugvallarins að endurnýjum tækjabúnaðar til samræmis við evrópska staðla og endurbótum til þess að takast á við umferðaraukningu sem spáð er á næstu árum.

Engar sértækar framkvæmdir vegna flugleiðsögu innanlands eru áætlaðar á næsta ári, en framkvæmdir á einstökum flugvöllum munu fylgja því framkvæmdafé sem verður til ráðstöfunar á samgönguáætlun Alþingis.

Heildarfjöldi floginna kílómetra á íslenska flugstjórnarsvæðinu árið 2018 var 267.678.566 km. sem var tæplega 5,7% aukning frá fyrra ári og í samræmi við fjölda flugvéla. Notendagjaldið fyrir hverja flogna 100 km nam 17,48 sterlingspundum. Meðalflogtími á úthafssvæði var 1 klukkustund og 37 mínútur. Meðallengd flugs um svæðið var 1.366 km eða 737 sjómílar.

Stærsti viðskiptavinur flugstjórnarmiðstöðvar var sem fyrr flugfélagið Icelandair, bæði varðandi ferðatíðni og vegalengd. Næst komu líkt og fyrr á United Airlines og Lufthansa, og Wow Air í fjórða sæti.

Keflavíkurflugvöllur

Árið 2018 hægðist verulega á þeim öra vexti sem einkennt hefur reksturinn mörg síðustu ár. Flughreyfingar drógust saman um 0,7% en heildarfarþegafjöldi jókst um 12% á milli ára í stað 30% sem sést hefur undanfarin ár. Þrátt fyrir hlutfallslega minni vöxt en undanfarin ár fjölgaði farþegum um rúmlega milljón. Hlutfallslega hefur aukningin síðustu árin verið meiri utan sumaráætlunar sem er í takt við áherslur flugvallarins, ferðaþjónustunnar og notenda flugvallarins.

Notendum Keflavíkurflugvallar fjölgar stöðugt. Sumarið 2018 flugu 30 flugfélög þaðan til 101 áfangastaða. 10 félög flugu árið um kring til og frá landinu: Icelandair, WOW air, easyJet, Wizz Air, British Airways, Norwegian, SAS, Delta, Lufthansa og Finnair.



Bæði íslensku flugfélögin WOW air og Icelandair nýta flugvöllinn sem tengiflugvöll á leiðum milli Evrópu og Norður-Ameríku en lágmarkstengitími farþega er einungis 25 mínútur.

Fjórir flugafgreiðsluaðilar starfa á Keflavíkurlugvelli: IGS, Airport Associates, ACE Handling og South Air.

Isavia hefur með aðstoð hvatakerfis orðið allvel ágennt við að fá flugfélög til þess að fljúga til landsins að vetrinum. Félagið hefur einnig markaðssett afgreiðslutíma utan mestu álagstíma á hverjum sólarhring með það að markmiði að nýta betur aðstöðuna á flugvöllinum.

Keflavíkurlugvöllur starfar í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi og eigi hann að halda sæti sínu og halda áfram að taka við fjölgun farþega er enn frekari uppbygging nauðsynleg. Farþegaspá og áætlanir flugfélaga stýra framgangi uppbyggingaráætlunar svo hægt sé að veita góða þjónustu og aðstöðu við hæfi og er hún unnið í nánu samstarfi með þeim.

Uppbyggingaráform hafa verið sett í umhverfismat og unnið er að því að skipuleggja og áfangaskipta framkvæmdum miðað við áætlaðan vöxt með arðbærni og hagkvæmni að leiðarljósi.

Vinna er hafin við hönnun á nýrri tengibyggingu sem felur m.a. í sér áframhaldandi breikkun tengibyggingar sem stefnt er að verði tekin í notkun árið 2023. Áætlaður framkvæmdakostnaður er yfir 30 milljarðar króna.

Einnig er hafinn undirbúningur annars áfanga með útboði á verkefnisumsjón sem áætlað er að afgreitt verði í október á þessu ári. Ferlið markar upphafið að nýrri austurálmú og flugstöðvarbyggingu og er áætlað að ef framkvæmdir hefjist árið 2021 gætu fyrstu áfangar verið teknir í notkun á árunum 2024 og 2025.

Vert að geta þess að hér er um a ræða áætlun um uppbyggingu á Keflavíkurlugvelli sem ræðst af því sem farþegaspár og rekstraráætlanir flugrekenda og Isavia standi undir. Meginverkefni stjórnar og stjórnenda Isavia í náinni samvinnu við stærstu

flugrekendur á Keflavíkurlugvelli verður að haga tímasetningu framkvæmda í samræmi við endurmetnar farþegaspár og rekstraráætlanir frá ári til árs.

Flugtölur

Farþegahreyfingar um flugvelli Isavia í heild námu tæplega 10,6 milljónum árið 2018 sem var 10,6% aukning frá fyrra ári. Millilandafarþegum fjölgaði úr rúmlega 8,8 milljónum í 9,86 milljónir, eða um 12% milli ára. Innanlandsfarþegum fækkaði á sama tíma úr tæplega 772 þúsund í rúmlega 737 þúsund, eða um 4,5%.

Í farþegaspá fyrir árið 2019, sem var kynnt í febrúar sl. er gert ráð fyrir að farþegum fækki um 8,7% á Keflavíkurlugvelli og fari úr 9,8 milljónum í tæpar 9 milljónir. Búist er við að hlutfall skiptifarþega á árinu verði 35%. Flughreyfingar á áætlunarflugvöllum voru rétt rúmlega 193 þúsund árið 2019 eða 0,7% færri en á árinu áður. Flughreyfingar milli landa á íslenskum áætlunarflugvöllum voru tæplega 72 þúsund og var það aukning um 9,2%. Aukningin varð langmest á Egilsstöðum, 15,6%, en 9,6%

á Keflavíkurlugvelli. Flughreyfingar innanlands á áætlunarflugvöllum voru rúmlega 121 þúsund, sem var um 5,7% fækkun milli ára. Árið 2018 fóru alls rúmlega 60 þúsund tonn af vörum um flugvelli félagsins sem var svipað og á fyrra ári.

Alls fóru 196 þúsund flugvélar um íslenska úthafsflugstjórnarsvæðið árið 2018 og var það aukning um 5,8% frá árinu 2017. Alls voru flognir tæplega 268 milljónir kílómetrar á svæðinu sem jafngildir um 300 ferðum til tunglsins og til baka aftur.

LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

Úr rekstrarreikningi	2018	2017	2016	2015	2014
Tekjur	41.788	37.974	33.008	26.013	22.079
EBITDA	11.298	9.853	8.857	6.008	4.906
EBIT	7.837	6.523	6.322	3.999	3.328
Fjármunatekjur/gjöld	-2.540	-1.607	2.304	-181	-605
Hagnaður fyrir skatta	5.297	4.916	8.626	3.818	2.724
Heildarafkoma ársins	4.262	3.949	6.923	3.073	2.197

Úr efnahagsreikningi

Varanlegir rekstrarfjármunir	57.196	54.332	42.922	31.425	25.715
Eignir	79.834	72.548	59.229	45.187	40.849
Eigið fé	35.267	31.005	27.057	20.134	17.061
Vaxtaberandi skuldir	36.761	33.739	24.206	18.565	18.964
Veltufjárhlutfall	1,99	0,92	1,49	1,30	1,91

Úr sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar	7.150	3.166	6.151	6.326	4.628
Fjárfestingahreyfingar	-6.064	-14.542	-13.760	-5.747	-5.754
Fjármögnunahreyfingar	1.309	8.750	8.798	67	2.857
Handbært fé í lok ársins	5.436	3.101	5.831	4.994	4.491


Kennitölur

Framlegðarhlutfall rekstrar	27%	26%	27%	23%	22%
Hagnaðarhlutfall	10%	10%	21%	12%	10%
Veltuhraði eigna	0,55	0,58	0,63	0,60	0,59
Arðsemi eigin fjár	13%	14%	29%	17%	14%
Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutfjár	0,76	0,71	1,24	0,55	0,39
Eiginfjárhlutfall	44%	43%	46%	45%	42%
Meðalfjöldi starfa	1430	1350	1.215	1.017	914


2018

Tekjur samstæðunnar

- Tekjur af flugvallabjónustu
- Fasteignatekjur
- Vörusala
- Tekjur vegna alþjóðaflugbjónustu
- Aðrar tekjur





2017





Tekjur af flugvallabjónustu

- Þjónustusamningur við IRR
- Lendingagjöld
- Flugverndargjöld
- Farþegagjöld
- Önnur gjöld



Rekstrarkostnaður

- Kostnaðarverð seldra vara
- Laun og annar starfsmannakostnaður
- Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður
- Annar rekstrarkostnaður
- Afskriftir



SKÝRSLA STJÓRNAR

ISAVIA ER OPINBERT HLUTAFÉLAG OG STARFAR Á GRUNDEVILLI LAGA NR. 2/1995 UM HLUTAFÉLÖG. RÍKISSJÓÐUR ER EINN HLUTHAFI Í FÉLAGINU OG ER HEIMILI OG VARNARÞING ÞESS Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI.

Isavia ohf. annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla á Íslandi og stýrir jafnframt flugumferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu. Isavia ohf. er þjónustufyrirtæki í flugvallastarfsemi og flugleiðsögu og leggur grunn að flugsamgöngum Íslands.

Samstæðuársreikningurinn fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu samstæðu Isavia ohf. námu rekstrartekjur ársins 2018 um 41.788,4 milljónir króna og höfðu því aukist um 3.814,1 milljón króna milli ára. Hagnaður ársins nam um 4.261,7 milljónum króna sem er um 313,1 milljóna króna hækkun milli ára. Neikvæður gengismunur vegna veikingar íslensku krónunnar nam um 1.604,4 milljónir króna árið 2018 samanborið við neikvæðan gengismun upp á 810,5 milljónir króna árið 2017. Samkvæmt efnahagsreikningi hækkuðu heildareignir félagsins um 7.285,4 milljónir króna á árinu 2018 og námu um 79.833,7 milljónum króna í lok ársins. Bókfært eigið fé félagsins nam um 35.267,4 milljónir króna í árslok 2018, en það hækkaði um 4.262 milljónir króna frá því í lok árs 2017. Eiginfjárlutfall félagsins nam 44,18% í lok árs 2018 samanborið við 42,74% í lok árs 2017. Fjöldi stöðgilda var að meðaltali 1.430 á árinu 2018 og fjölgaði um 80 milli ára.

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfir færður til næsta árs en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Stjórn Isavia hefur sett sér ítarlegar starfsreglur, þar sem m.a. helstu verkefni og valdsvið stjórnar og forstjóra eru skilgreind. Starfsreglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Í starfsreglunum er kveðið á um að stjórn félagsins skuli fylgja Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrir tækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland. Stjórnarháttayfirlýsing félagsins var endurnýjuð í apríl 2018.

Isavia ohf. hefur markað sér stefnu í samfélagsábyrgð og er aðili að UN Global Compact (UNGC). Þá er áfram unnið að því að samhæfa stefnusetningu félagsins og stjórnarhætti hinum tíu meginreglum UNGC. Ársskýrsla félagsins endurspeglar þessar áherslur í umhverfis-, félags- og starfsmannamálum. Þá skilar Isavia ohf. skýrslu til Sameinuðu þjóðanna árlega þar sem markmið og árangur hjá fyrirtækinu í þeim tíu flokkum sem um ræðir eru tilgreind. Frekari upplýsingar um ófjárhagsleg málefni félagsins er að finna í ársskýrslunni.


Stjórn og forstjóri Isavia ohf. staðfesta samkvæmt þeirra bestu vitund að samstæðuársreikningur þessi gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins, eignum, skuldum og breytingu á handbæru fé á árinu. Þó ber að benda sérstaklega á að til loka árs 2018 var til staðar óvissa um meðferð innsendra virðisaukaskattsskýrslna hjá Ríkisskattstjóra. Umfjöllun um óvissuna má finna í skýringu 14 með ársreikningnum, en félagið hefur með rökstuddum hætti haldið sjónarmiðum sínum á lofti. Þar til endanlegur úrskurður fellur í málinu verður til staðar óvissa vegna virðisaukatímabíla frá september 2016 til desember 2018 og ef niðurstaðan verður félaginu óhagstæð mun það hafa áhrif á rekstur félagsins. Þessari óvissu var eytt með breytingu á lögum um virðisaukaskatt sem öðlaðist gildi þann 1. janúar 2019. Það er álit stjórnar og forstjóra Isavia ohf. að reikningsskilareglur félagsins séu viðeigandi og að í samstæðuársreikningi þessum sé að finna gott yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, áhættustýringu og helstu óvissuþætti í umhverfi félagsins.

Stjórn og forstjóri Isavia ohf. hafa í dag yfirfarið og samþykkt samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.



Reykjavík,
7. mars 2019

Í stjórn


Ingimundur Sigurpálsson,
stjórnarformaður


Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir


Eva Pandora Baldursdóttir


Valdimar Halldórsson


Matthías Páll Imsólfur

Forstjóri


Björn Óli Hauksson

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

TIL STJÓRNAR OG HLUTHAFA ISAVIA OHF.

Álit

Við höfum í umboði Ríkisendurskoðunar, endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Isavia ohf. fyrir árið 2018. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu 14 með ársreikningnum þar sem fjallað er um óvissu um innheimtu kröfu á Ríkisskattstjóra vegna virðisaukaskatts.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Isavia ohf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar samanstanda af skýrslu stjórnar og stjórnarháttayfirlýsingu sem við fengum fyrir áritunardag og ársskýrslu Isavia ohf., sem við gerum ráð fyrir að fá eftir áritunardag en innifela ekki ársreikninginn og áritun okkar á hann.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Ef við komumst að því að það séu verulegar skekkjur í ársskýrslu Isavia ohf. þegar við lesum hana eftir áritunardag ber okkur skylda til að skýra frá því.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Isavia ohf. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ávarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitungu við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnu og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli

endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík,

7. mars 2019

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir,
endurskoðandi

Kristján Þ. Ragnarsson

Kristján Þór Ragnarsson
endurskoðandi

YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU
ÁRSINS 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrartekjur	4	41.788.354	37.974.293
Kostnaðarverð seldra vara		(6.540.646)	(5.842.486)
Laun og annar starfsmannakostnaður	5	(18.287.666)	(16.741.851)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(543.804)	(627.211)
Annar rekstrarkostnaður		(5.118.217)	(4.909.509)
Afskriftir	9, 10	(3.460.925)	(3.330.096)
Rekstrarhagnaður		7.837.095	6.523.140
Fjármunatekjur	7	237.611	226.080
Fjármagnsgjöld	7	(1.172.899)	(1.022.348)
Gengismunur	7	(1.604.456)	(810.548)
Hagnaður fyrir skatta		5.297.352	4.916.324
Tekjuskattur	8	(1.035.653)	(967.738)
Heildarafkoma ársins		4.261.698	3.948.586

EFNAHAGSREIKNINGUR
31. DESEMBER 2018

Eignir

	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	57.195.995	54.331.542
Óefnislegar eignir	10	4.965.176	5.173.155
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur	12	152.967	188.262
		62.314.137	59.692.959
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	13	674.761	546.721
Viðskiptakröfur	14	5.616.752	4.653.881
Næsta árs hluti langtímakrafna	12	37.514	36.964
Aðrar skammtímakröfur	14	5.754.389	4.516.482
Handbært fé	14	5.436.127	3.101.287
		17.519.544	12.855.335
Eignir		79.833.681	72.548.293
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	15		
Hlutfé		5.589.063	5.589.063
Lögbundinn varasjóður		2.483.798	2.483.798
Sérstakur endurmatsreikningur		43.684	45.007
Óráðstafað eigið fé		27.150.903	22.887.611
Eigið fé		35.267.448	31.005.480
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	16	33.626.775	25.515.178
Tekjuskattsskuldbinding	17	2.138.638	2.056.586
		35.765.413	27.571.764
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	18	1.858.581	2.276.999
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16	3.133.778	8.223.715
Ógreiddir reiknaðir skattar	8	953.694	898.152
Aðrar skammtímaskuldir	18	2.854.767	2.572.183
		8.800.819	13.971.050
Skuldir		44.566.233	41.542.814
Eigið fé og skuldir		79.833.681	72.548.293

YFIRLIT UM EIGIÐ FÉ

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2017	5.589.063	2.483.798	46.331	18.937.671	27.056.863
Endurmat afskrifað	0	0	(1.324)	1.324	0
Þýðingarmunur	0	0	0	30	30
Heildarafkoma ársins	0	0	0	3.948.586	3.948.586
Eigið fé 31. desember 2017	5.589.063	2.483.798	45.007	22.887.611	31.005.480
Eigið fé 1. janúar 2018	5.589.063	2.483.798	45.007	22.887.611	31.005.480
Endurmat afskrifað	0	0	(1.324)	1.324	0
Þýðingarmunur	0	0	0	270	270
Heildarafkoma ársins	0	0	0	4.261.698	4.261.698
Eigið fé 31. desember 2018	5.589.063	2.483.798	43.684	27.150.903	35.267.448

Engin arðgreiðsla var á árinu til hluthafa. Allt hlutafé er innborgað.

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		7.837.095	6.523.140
Afskriftir	9, 10	3.460.925	3.330.096
Reikningshaldslegar niðurfærslur veltufjármuna	13,14	119.197	76.305
(Hagnaður)/ tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna		(12.982)	(14.394)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		11.404.235	9.915.147
Vörubirgðir, (hækkun)	13	(128.579)	(29.803)
Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun)		(2.304.507)	(4.904.808)
Rekstrartengdar skuldir, hækkun (lækkun)		(162.219)	(34.979)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		8.808.930	4.945.556
Innborgaðir vextir		371.525	290.528
Greiddir vextir		(1.132.554)	(994.055)
Greiddir skattar		(898.152)	(1.075.721)
Handbært fé frá rekstri		7.149.749	3.166.308
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	9	(6.045.203)	(14.424.814)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		57.704	23.411
Fjárfesting í óefnislegum eignum	10	(116.918)	(176.643)
Afborganir skuldabréfa	12	40.488	36.298
		(6.063.928)	(14.541.748)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda	16	(8.514.747)	(1.234.444)
Ný lán	16	9.824.100	9.984.250
		1.309.353	8.749.806
Hækkun (lækkun), handbærs fjár		2.395.173	(2.625.634)
Handbært fé í upphafi árs		3.101.287	5.830.506
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(60.333)	(103.585)
Handbært fé í lok árs		5.436.127	3.101.287

SKÝRINGAR

1. Starfsemi

Isavia ohf. var stofnað í ársbyrjun 2010 með samruna Flugstoða ohf. og Keflavíkurflugvallar ohf. Isavia ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili og varnarþing félagsins á Reykjavíkurflugvelli.

Isavia ohf. annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla á Íslandi og stýrir jafnframt flugumferð í íslenska flugstjórnarsvæðinu. Eitt af hlutverkum Isavia ohf. er að tryggja að flugöryggi sé í samræmi við viðurkenndar alþjóðlegar öryggiskröfur og aðferðir.

Samstæðuársreikningurinn nær til Isavia ohf. og dótturfélaga þess. Félög innan samstæðunnar eru auk Isavia ohf., Fríhöfnin ehf., Tern Systems ehf., Domavia ehf. og Suluk ApS á Grænlandi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í lok árs 2018, breytingar á þeim og nýjar tülkanir.

Innleiðing á nýjum og endurbættum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)

Tveir nýir staðlar, IFRS 9 Fjármálagerningar og IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavini tóku gildi 1. janúar 2018, sjá lýsingu á áhrifum af innleiðingu þeirra hér að neðan. Samstæðan hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða tülkanir í útgáfu sem taka gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast síðar, en heimilt er að taka upp fyrr. IFRS 16 um leigusamninga tekur gildi 1. janúar 2019 og hafa vænt áhrif af innleiðingu hans verið metin og teljast þau óveruleg fyrir reikningsskil samstæðunnar. Áhrif annarra staðla, breytinga og tülkana í útgáfu sem ekki hafa tekið gildi eru að mati stjórnenda engin eða óveruleg fyrir reikningsskil samstæðunnar.

IFRS 9 Fjármálagerningar

IFRS 9 leysir af hólmi IAS 39 og fjallar um reikningshaldslega meðferð fjármálagerninga og tilgreinir kröfur um skráningu og mat, virðisrýrnun, afskráningu og almenn áhættuvarnarreikningsskil. Áhrifa staðalsins í reikningsskilum samstæðunnar gætir aðeins á niðurfærslu fjáreigna vegna nýrra reglna um mat á virðisrýrnun. Þau áhrif eru hinsvegar óveruleg og innleiðing staðalsins leiddi ekki til breytinga á stöðu eigna og skulda í efnahagsreikningi 1. janúar 2018.

IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavini

IFRS 15 leysir af hólmi IAS 18, IAS 11 og tengdar tülkanir og inniheldur nýjar reglur um skráningu tekna og auknar kröfur um upplýsingagjöf varðandi tekjuskráningu. Samkvæmt staðlinum skal skrá tekjur þegar yfirráð yfir hinu selda hafa verið flutt til kaupandans, í stað áhættu og ávinnings sem fyrri reglur horfðu til. Í staðlinum er sett fram fimm þrepa líkan til leiðbeiningar.

Innleiðing staðalsins hafði óveruleg áhrif á tekjuskráningu samstæðunnar og leiddi ekki til breytingar á bókfærðu virði eigna og skulda 1. janúar 2018. Staðallinn hefur í för með sér ítarlegri skýringarkröfur um tekjuskráningu. Nánari lýsingu á reikningsskilaaðferðum fyrir tekjuskráningu má finna neðar í skýringunni.

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs nema að ákveðnir fastafjármunir eru metnir eftir endurmatsaðferðinni. Fjallað er um mat á gangvirði fjáreigna og fjárskulda í skýringu hér að neðan. Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu. Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð herra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keyþra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að stýra markaðsáhættu. Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu. Sérstök áhættunefnd er starfandi og hefur hún umboð stjórnar til ákvarða m.a. umfang og eðli mats á áhættu og arðsemisgreiningu fyrir framkvæmdum og verkefnum sem geta haft marktæk áhrif á rekstur og efnahag.

Skráning tekna

Rekstrartekjur

Tekjuskráning samstæðunnar endurspeglar það gagngjald sem samstæðan væntir að fá vegna sölu á vöru og þjónustu til viðskiptavinar. Samstæðan skráir tekjur þegar yfirráð yfir seldri vöru eða þjónustu flytjast yfir til viðskiptavinar. Almennt eru reikningar félagsins gerðir mánaðarlega þar sem veitt þjónusta fyrir viðkomandi mánuð tekjufærð að því undanskildu að vörusala Fríhafnarinnar er færð þegar sala á sér stað.

Flugleiðsögusvið

Flugleiðsögusvið hefur með höndum flugleiðsögubjónustu í innanlands- og alþjóðaflugi yfir stóru svæði á Norður-Atlantshafi. Tekjur sviðsins eru tilkomnar m.a. af flugleiðsögubjónustu við flugrekendur á Norður-Atlantshafi á grundvelli Joint Finance samningi (milliríkjasamningur), flugleiðsögubjónustu í innanlandsloftrými og flugleiðsögubjónustu á flugvöllum á Íslandi.

Innanlandskerfi

Innanlandskerfi annast rekstur og viðhald allra flugvalla landsins utan Keflavíkurflugvallar. Stærsti hluti tekna sviðsins kemur úr þjónustusamningi við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið en aðrar tekjur samanstanda af notendagjöldum og útleigu mannvirkja. Öll mannvirki á flugvöllum á Íslandi fyrir utan Keflavíkurflugvöll eru í eigu íslenska ríkisins.

Keflavíkurflugvöllur

Keflavíkurflugvöllur skiptist í tækni- og eignasvið, rekstrarsvið og viðskiptasvið. Tækni og eignasvið hefur umsjón með verklegum framkvæmdum, umhverfismálum, viðhaldi og rekstri fasteigna og farangurskerfis á Keflavíkurflugvelli. Rekstrarsvið annast flugvernd og flugvallabjónustu á Keflavíkurflugvelli. Viðskiptasvið sér um farþegaþjónustu, rekstur verslunar- og veitingasvæðis og annast alla samningagerð við rekstraraðila á Keflavíkurflugvelli auk reksturs bílastæðabjónustu og þróunar nýrra flugleiða. Tekjur Keflavíkurflugvallar samanstanda m.a. af notendagjöldum, tekjum vegna verslunar- og veitingareksturs á flugvöllum, annarri húsaleigu, markaðstekjum og tekjum af rekstri bílastæða.

Fríhöfnin

Tekjur Fríhafnarinnar ehf eru að lang mestu leyti af vörusölu en aðrar tekjur félagsins eru meðal annars auglýsingatekjur.

Önnur dótturfélög

Tekjur annarra dótturfélaga Isavia ohf. eru aðallega tekjur af sölu á þjónustu og vörum auk verksamninga auk ýmissra tilfallandi tekjuliða.

Leigutekjur

Leigutekjur af rekstrarleigusamningum eru færðar línulega yfir samningstímann. Kostnaði sem tengist beint samningum og umsýslu vegna rekstrarleigu er bætt við bókfært verð hinnar leigðu eignar og hann er svo gjaldfærður línulega á leigutímanum. Félagið er ekki aðili að fjármögnunarleigusamningum sem leigusali.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Verksamningar

Þegar unnt er að meta stöðu verksamnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur og gjöld færð miðað við hlutfall áfallins kostnaðar samkvæmt ákvæðum samningsins á reikningsskiladegi. Breytingar á verkþáttum samkvæmt verksamningi, kröfur um bætur og bónusgreiðslur eru færðar að því marki sem unnt er að meta fjárhæðina með áreiðanlegum hætti og líklegt er að til þeirra komi.

Þegar ekki er unnt að meta stöðu verksamnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur færðar í hlutfalli við áfallinn kostnað sem líklegt er að verði endurheimtur. Kostnaður vegna verksamnings er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

Þegar líkur eru á tapi af verksamningi er vænt tap fært strax til gjalda.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Erlendir gjaldmiðlar

Við gerð reikningsskila hvers félags innan samstæðunnar eru viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli færð á gengi hvers viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir eru færðar miðað við skráð gengi á reikningsskiladegi. Gengismunur er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Fjármagnskostnaður

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnskostnaður sem stafar beint af kaupum, byggingu eða framleiðslu eigna sem uppfylla skilyrði um eignfærslu, er eignfærður sem hluti af eigninni fram að þeim tíma þegar eign er tilbúin til notkunar eða sölu. Eignfærsluhæf eign er eign sem tekur talsverðan tíma að koma í nothæft eða söluhæft ástand.

Fjárfestingatekjur af skammtímafjárfestingum sem tengjast fjármögnun á eignfærsluhæfri eign eru færðar til lækkunar á eignfærðum fjármagnskostnaði.

Allur annar fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikningi á því tímabili sem hann fellur til.

Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningskil þess.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Við samruna Flugfjarskipta ehf. og Isavia ohf. voru fasteignir fyrrnefnda félagsins endurmetnar þar sem markaðsverð fasteigna þess félags var talið verulega hærra en bókfært verð. Hið endurmetna verð byggir á áætluðu söluverði sem staðfest var af matsmönnum. Matsbreytingin er færð á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár og á tekjuskattsskuldbindingu.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna er hugbúnaður. Eignir þessar eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar. Áætlaður nýtingatími og afskriftaaðferðir eru endurmetnar í lok hvers reikningsskilatímabils.

Rannsóknarkostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til. Þróunarkostnaður er aðeins eignfærður ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- Félagið hefur tæknilega getu til að ljúka þróun afurðar í söluhæft ástand
- Áætlanir ganga út á að ljúka við þróunina
- Félagið sýni fram á möguleika sína til að selja afurðina
- Félagið sýnir fram á hvornig afurðin kemur til með að skila framtíðartekjum
- Félagið hefur nægjanlega tækni og fjármagn til að ljúka við þróun og sölu
- Hægt er að mæla útgjöld vegna þróunar með áreiðanlegum hætti

Aðeins er heimilt að hefja eignfærslu þróunarkostnaðar þegar öll ofangreind skilyrði eru uppfyllt. Þróunarkostnaður sem ekki uppfyllir skilyrðin er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu er þróunarkostnaður metinn á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Óefnislegar eignir sem myndast í reikningsskilum við sameiningu félaga eru aðeins færðar ef þær eru aðgreinanlegar frá viðskiptavild. Við upphaflega skráningu eru þær færðar á kostnaðarverði á kaupdegi en við síðara mat eru þær færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Virðisrýrnun annarra eigna en fjáreigna

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er sé um slíkt að ræða.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Fjáreignir

Fjáreignir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjáreignir eru ekki metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. IFRS 9 skiptir fjáreignum sem eru innan efnissviðs IAS 39 í tvo flokka – annarsvegjar fjáreignir skráðar á afskrifuðu kostnaðarverði og hinsvegjar fjáreignir á gangvirði. Félagið skráir allar sínar fjáreignir á afskrifuðu kostnðarverði.

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjáreign sem áætlað er að eiga til gjalddaga og samningsbundnar greiðslur á settum gjalddögum samanstanda einungis af afborgunum af höfuðstól og vöxtum, skal skrá á afskrifuðu kostnaðarverði nema gerningurinn sé skilgreindur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við gangvirðisheimildina. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru slíkar fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun. Fjáreignir samstæðunnar sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru skuldabréfaeign, viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur og handbært fé.

Virkir vextir

Aðferð virkra vaxta felst í því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum og vaxtagjöldum jafnað á líftímanum. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir alla fjármálagerninga aðra en þá sem skilgreindir eru sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjáreignir sem ætlað er að eiga til gjalddaga

Fjáreignir eru flokkaðar sem fjáreignir sem ætlað er að eiga til gjalddaga þegar félagið á fjárfestingar, t.d. víxla eða skuldabréf, og hefur fyrirætlanir og getu til að eiga til gjalddaga. Fjárfestingar til gjalddaga eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

Lán og kröfur

Viðskiptakröfur, lán og aðrar kröfur sem hafa fastar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði eru flokkuð sem lán og kröfur. Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að frádreginni virðisrýrnun. Vaxtatekjur af lánum og kröfum eru færðar miðað við virka vexti nema þegar vaxtatekjur eru óverulegar.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Virðisrýrnun fjáreigna

Virðisrýrnunarlíkan IFRS 9 byggir á væntu útlánatapi sem er breyting frá fyrri staðli IAS 39 sem aðeins gerði kröfu um að útlánatap yrði fært vegna liðinna atburða. Fjáreignir samstæðunnar sem falla undir gildissvið virðisrýrnunarlíkansins eru skuldabréfaeign, viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur (að undanskildum afdregnum fjármagnstekjuskatti, inneign vegna virðisaukaskatts og fyrirframgreiðslum) og handbært fé.

Við mat á væntu útlánatapi fyrir viðskiptakröfur beitir samstæðan einfaldaðri nálgun. Sú nálgun krefst þess að samstæðan meti niðurfærslu sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma viðskiptakrafnanna. Viðskiptakröfum félagsins er skipt niður í flokka eftir þeim fjölda daga sem þær eru komnar fram yfir gjalddaga. Við mat á föstu niðurfærsluhlutfalli fyrir hvern flokk er horft til sögulegrar tapssögu samstæðunnar, leiðréttri fyrir framtíðarvæntingum um efnahagslega þróun ef þörf er á. Samstæðan framkvæmir framangreint mat niður á einstaka viðskiptavini eða hópa viðskiptavina ef reynsla sýnir verulega frábrugðið tapmynstur fyrir ákveðna viðskiptavini eða hópa viðskiptavina. Í einhverjum tilfellum getur það leitt til fráviks frá metnu hlutfalli niður á hópa fyrir einstaka viðskiptamenn. Sjá nánari umfjöllun um mat á væntu útlánatapi fyrir viðskiptakröfur í skýringu 13.

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir, sem hafa orðið, hafa áhrif á vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar og hægt er að meta virðisrýrnun með áreiðanlegum hætti. Samstæðan færir sértæka niðurfærslu fyrir fjáreignir þar sem hlutlæg vísbending er um virðisrýrnun.

Breytingar á virðisrýrnunarframlagi fjáreigna í afskriftareikning eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem matið fer fram. Virðisrýrnun er bakfærð ef unnt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti við atburð sem átt hefur sér stað eftir að virðisrýrnun var færð.

Afskráning fjáreigna

Samstæðan afskráir fjáreignir aðeins þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhættan eða ávinningurinn af fjáreigninni flyst yfir á annað félag.

Fjárskuldir og eiginfjárgerningar

Fjárskuldir

Fjárskuldir eru flokkaðar annars vegar sem fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og hinsvegjar sem aðrar fjárskuldir.

Fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Fjárskuldir eru færðar á gangvirði í rekstrarreikning þegar þær eru flokkaðar sem fjárskuld til sölu eða sem fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjárskuld, önnur en fjárskuld til sölu, má skilgreina sem fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- Flokkunin kemur í veg fyrir eða minnkar ósamræmi í mati eða skráningu.
- Fjárskuldin er hluti af safni fjáreigna eða fjárskulda eða hvoru tveggja og er metin á gangvirði í samræmi við stefnu félagsins í áhættustýringu eða fjárfestingastefnu.
- Er hluti af samningi sem felur í sér eina eða fleiri samsetta afleiðu og IAS 39 - *Fjármálagerningar: Skráning og mat* heimilar að allur samsetti fjármálagerningurinn (eign eða skuld) sé færður á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Aðrar fjárskuldir

Aðrar fjárskuldir, þar á meðal skuldir við fjármálastofnanir, eru upphaflega metnar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Afskráning fjárskulda

Samstæðan afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar.

3. Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi alþjóðlega reikningskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Raunveruleg verðmæti kunna að vera með öðrum hætti en mat stjórnenda. Reikningshaldslegt mat er helst í mati á líftíma eigna og í niðurfærslu viðskiptakrafna og vörubirgða, sjá skýringar nr. 9, 10, 13 og 14.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:	2018	2017
Tekjur vegna sölu á vörum	13.216.029	12.033.544
Tekjur vegna sölu á þjónustu.....	23.428.408	21.626.387
Tekjur af verksamningum.....	0	109.165
Eignatekjur.....	5.143.918	4.205.197
	<u>41.788.354</u>	<u>37.974.293</u>

Eignatekjur samanstanda af tekjum af eignum, lóðum og áhöldum og tækjum. Innan eignatekna eru leigutekjur sem falla undir gildissvið IAS 17 Leigusamningar. Aðrar tekjur sem tilgreindar eru hér að ofan eru innan gildissviðs IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavinum. Nánari lýsing á eðli tekna og tímasetningu tekjuskráningar félagsins er að finna í skýringu 2.

5. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2018	2017
Laun	14.015.826	12.838.337
Lífeyrissjóður, móttframlag	2.166.032	1.772.964
Tryggingagjald	1.099.324	990.759
Önnur launatengd gjöld	234.250	201.142
Viðbótarframlag í lífeyrissjóð og breyting á orlofsskuldbindingu	403.849	564.149
Eignfærður launakostnaður	(378.803)	(314.699)
Verktakagreiðslur	1.688	5.174
Annar starfsmannakostnaður	745.500	684.026
	<u>18.287.666</u>	<u>16.741.851</u>
Meðalfjöldi starfa	1.430	1.350

Heildarlaun og móttframlag í lífeyrissjóð til forstjóra Isavia ohf. námu á árinu 2018 um 38 milljónir króna samanborið við 30,7 milljónir króna árið 2017. Heildarlaun og móttframlag í lífeyrissjóð til þriggja stjórnna samstæðunnar, tveggja framkvæmdastjóra dótturfélaga og framkvæmdarás mórufélags á árinu 2018 námu 330 milljónum króna en árið á undan nam þessi liður um 296,4 milljón króna.

6. Þóknun til endurskoðanda

	2018		2017	
	Endurskoðun	Önnur þjónusta	Endurskoðun	Önnur þjónusta
Deloitte ehf.	23.615	31.044	26.143	28.451

Önnur þjónusta er kostnaður vegna könnunar árslutareiknings, reikningsskila aðstoðar, skattamála og aðstoðar við skattframtal. Af annarri þjónustu hlutanum fyrir árið 2018 eru 19,3 milljónir króna (árið 2017: 17,5 milljónir króna) tilkomnar vegna verkefna sem eru ótengd reikningshaldi.

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**Fjármunatekjur:**

	2018	2017
Vaxtatekjur af bankareikningum	78.303	108.857
Vaxtatekjur af fjáreignum sem ætlað er að halda til gjalddaga	17.040	19.381
Aðrar vaxtatekjur	142.268	97.842
	<u>237.611</u>	<u>226.080</u>

Fjármagnsgjöld:

	2018	2017
Vaxtagjöld og verðbætur	(1.090.648)	(931.555)
Þóknunir innheimtufyrirtækja	(72.980)	(86.612)
Dráttarvaxtagjöld	(9.271)	(4.181)
	<u>(1.172.899)</u>	<u>(1.022.348)</u>

Gengismunur:

	2018	2017
Gengismunur	(1.604.456)	(810.548)
	<u>(1.604.456)</u>	<u>(810.548)</u>

8. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 1.035,7 milljónum króna. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2019 nemur 953,7 milljónum króna. Á árinu 2017 nam gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 967,7 milljónum króna og tekjuskattur til greiðslu á árinu 2018 nam 898,2 milljónum króna.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2018		2017	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	5.297.352		4.916.324	
Skatthlutfall	1.059.470	20,0%	983.265	20,0%
Óskattskyldar tekjur skv. 4. gr.tekjuskattslaga	(22.500)	(0,4%)	(16.216)	(0,3%)
Samsköttun	1	0,0%	319	0,0%
Aðrar breytingar	(1.318)	0,0%	371	0,0%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>1.035.653</u>	19,6%	<u>967.738</u>	19,7%

9. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og listaverk	Flughlöð og bílastæði	Stjórnkerfi og aðflugsbúnaður	Aðrar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun 2017	30.206.306	9.962.029	4.803.178	11.420.431	56.391.944
Eignfært á árinu	4.082.305	7.308.869	263.030	2.770.609	14.424.814
Aflagt á árinu	0	0	(189.781)	(886.962)	(1.076.743)
Selt á árinu	0	0	0	(36.346)	(36.346)
Staða í ársbyrjun 2018	34.288.611	17.270.898	4.876.427	13.267.732	69.703.669
Endurflokkað	0	0	(19.858)	(26.363)	(46.221)
Eignfært á árinu	1.376.529	1.520.646	247.211	2.900.817	6.045.203
Aflagt á árinu	0	(280.783)	(1.127.739)	(322.456)	(1.730.979)
Selt á árinu	0	0	0	(87.241)	(87.241)
Staða í lok ársins	35.665.140	18.510.762	3.976.041	15.732.489	73.884.432
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun 2017	6.030.575	1.506.154	2.301.958	3.631.598	13.470.284
Afskriftir ársins	991.945	545.752	338.178	1.130.041	3.005.915
Aflagt á árinu	0	0	(189.781)	(728.300)	(918.081)
Selt á árinu	0	0	0	(185.991)	(185.991)
Staða í ársbyrjun 2018	7.022.519	2.051.906	2.450.355	3.847.347	15.372.127
Endurflokkað	0	0	(23.463)	(9.001)	(32.465)
Afskriftir ársins	927.331	701.261	304.736	1.188.944	3.122.272
Aflagt á árinu	0	(280.783)	(1.127.739)	(322.456)	(1.730.979)
Selt á árinu	0	0	0	(42.518)	(42.518)
Staða í lok ársins	7.949.850	2.472.383	1.603.889	4.662.316	16.688.437
Bókfært verð					
Bókfært verð í byrjun ársins	27.266.092	15.218.993	2.426.072	9.420.386	54.331.542
Bókfært verð í lok ársins	27.715.290	16.038.378	2.372.151	11.070.173	57.195.995

Áætlaður nýtingartími varanlegra rekstrarfjármuna er eftirfarandi:

Fasteignir og listaverk	7-100 ár
Flughlöð og bílastæði	5-50 ár
Stjórnkerfi og aðflugsbúnaður	3-20 ár
Aðrar eignir	3-20 ár

Upplýsingar um endurmetnar fasteignir í lok ársins:

	31.12.2018	31.12.2017
Endurmetið bókfært verð	109.707	112.712
Þar af áhrif sérstaks endurmats	(53.268)	(54.887)
Bókfært verð án áhrifa endurmats	56.439	57.825

Fasteignamat og váttryggingamat eigna í árslok greinist þannig:

	2018		2017	
	Fasteignamat	Váttryggingamat	Fasteignamat	Váttryggingamat
Fasteignir og lóðir	25.899.015	55.900.869	23.499.100	54.968.780
Vélar og tæki, eignatryggingar		12.133.955		10.926.075
Aðrar lausafjártryggingar		43.440		692.686
Rekstrarstöðvunartrygging		20.562.434		15.440.299

10. Óefnislegar eignir og afskriftir

	Afnotasamn. um mannvirki	Afnotasamn. um flugbrautir	Hugbúnaður og þróunarkostnaður	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun 2017	477.035	5.706.000	1.233.082	7.416.117
Eignfært á árinu	0	0	176.643	176.643
Aflagt á árinu	0	0	(44.328)	(44.328)
Staða í ársbyrjun 2018	477.035	5.706.000	1.365.397	7.548.432
Endurflokkað	0	0	16.436	16.436
Eignfært á árinu	0	0	116.918	116.918
Aflagt á árinu	0	0	(317.527)	(317.527)
Staða í árslok	477.035	5.706.000	1.181.224	7.364.259
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun 2017	127.209	1.521.600	446.615	2.095.425
Afskrift ársins	15.901	190.200	118.080	324.181
Aflagt á árinu	0	0	(44.328)	(44.328)
Staða í ársbyrjun 2018	143.110	1.711.800	520.367	2.375.277
Endurflokkað	0	0	2.680	2.680
Afskrift ársins	15.944	190.713	131.996	338.653
Aflagt á árinu	0	0	(317.527)	(317.527)
Staða í árslok	159.055	1.902.513	337.516	2.399.084
Bókfært verð				
Bókfært verð í ársbyrjun	333.925	3.994.200	845.030	5.173.155
Bókfært verð í árslok	317.980	3.803.487	843.708	4.965.176

Þróunarkostnaður að fjárhæð um 62,5 milljónir króna vegna vinnu við þróun hugbúnaðar sem ætlaður er til sölu á heimsmarkaði á næstu árum var eignfærður á árunum 2012 til 2015. Um er að ræða eignfærslu á einni hugbúnaðarvöru félagsins sem nefnd er Tern ATC System eða TAS en þessi hugbúnaður skiptist í nokkra hluta. Þróun hugbúnaðarins lauk á seinni hluta árs 2015 og er hann tilbúinn til sölu og kominn í notkun hjá viðskiptavinum. Stjórnendur félagsins hafa metið að þessi eign hafi ekki orðið fyrir virðisrýrnun. Annar hugbúnaður er aðkeyptur og er áætlaður líftími hans 3 - 20 ár.

Samkvæmt samningi milli Keflavíkurflugvallar ohf., nú Isavia ohf. og Varnamálastofnunar, nú Landhelgisgæslu Íslands sem undirritaður var 22. apríl 2009 tók félagið yfir afnot til næstu 30 ára frá ársbyrjun 2009 að telja, á tilgreindum flugvallarmannvirkjum og búnaði á mannvirkjaskrá NATO á Keflavíkurflugvelli. Ekki er innheimt sérstakt endurgjald fyrir afnot mannvirkjanna en félagið skal standa straum af öllum kostnaði við daglegan rekstur og viðhald þeirra, þannig að tryggt sé að ástand þeirra sé í samræmi við samþykkt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Landshelgisgæslan f.h. NATO hefur rétt til afnota á mannvirkjunum. Afnotarétturinn er gjaldfærður hlutfallslega yfir leigutímann.

11. Samstæða

Samstæða Isavia ohf. samanstendur af eftirfarandi dótturfélögum:

	Hlutdeild	Nafnverð	Meginstarfsemi
Eignarhlutar í dótturfélögum:			
Frühöfnin ehf., Keflavíkurflugvelli	100,00%	50.000	Verslunarstarfsemi
Tern Systems ehf., Kópavogi	100,00%	80.000	Hugbúnaðargerð og ráðgjöf
Domavia ehf, Reykjavík.....	100,00%	500	Fasteignarekstur
Suluk ApS - Grænland.....	100,00%	1.999	Þjónusta flugumferðarstjóra

12. Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur

	31.12.2018	31.12.2017
Skuldabréfalán, vegið meðaltal vaxta 5,48%	190.481	225.226
Næsta árs hluti	(37.514)	(36.964)
	<u>152.967</u>	<u>188.262</u>

Afborganir skuldabréfaeign og langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

	31.12.2018	31.12.2017
Árið 2018	-	36.964
Árið 2019	37.514	37.277
Árið 2020	37.852	37.605
Árið 2021	38.205	37.947
Árið 2022	38.575	38.305
Árið 2023	8.961	8.678
Afborganir síðar	29.374	28.449
	<u>190.481</u>	<u>225.226</u>

Óverulegur mismunur er á milli gangverðs og bókfærðs verðs fjáreigna að mati stjórnenda.

13. Vörubirgðir

	31.12.2018	31.12.2017
Vörur til endursölu	623.666	538.977
Vörur í flutningi	63.731	19.841
Niðurfærsla vörubirgða	(12.636)	(12.097)
	<u>674.761</u>	<u>546.721</u>

Breytingar á niðurfærslu vörubirgða greinist þannig:

Staða í ársbyrjun	(12.097)	(14.665)
Bakfærsla niðurfærslu birgða.....	(32.887)	(18.330)
Rýrnun birgða á árinu.....	32.348	20.898
Staða í árslok	<u>(12.636)</u>	<u>(12.097)</u>
Tryggingaverðmæti birgða	<u>699.387</u>	<u>686.549</u>

Engar birgðir eru veðsettar hjá samstæðunni í lok ársins.

Félagið áætlar að selja allar sínar birgðir á næstu 12 mánuðum.

14. Aðrar peningalegar eignir**Viðskiptakröfur**

	31.12.2018	31.12.2017
Innlendar viðskiptakröfur	5.033.487	2.963.459
Erlendar viðskiptakröfur	833.541	645.247
Verksamningar	0	109.165
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(250.684)	(132.026)
Viðskiptakrafa vegna Joint Finance samningsins	408	1.068.034
	<u>5.616.752</u>	<u>4.653.881</u>

Verksamningar félagsins eru vegna tveggja samninga. Á árinu 2017 var gerður samningur um uppsetningu á varakerfi fyrir fjóra stærstu flugvelli í Suður-Kóreu og er hann enn í vinnslu. Einnig gerði félagið samning um uppfærslu á kerfi á Jeju eyju í Suður-Kóreu sem er ólokið. Í árslok 2018 voru engar óreikningsfærðar færslur vegna verkanna. Á sama tíma í fyrra voru tekjufærðar um 109,2 milljónir króna vegna verksamninga.

14. Aðrar peningalegar eignir (framhald)**Virðisrýrnun viðskiptakrafna**

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

	31.12.2018	31.12.2017
Staða í byrjun ársins	(132.026)	(58.289)
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(122.947)	(73.737)
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu	4.289	0
Staða í lok ársins	<u>(250.684)</u>	<u>(132.026)</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda, reynslu fyrri ára og efnahagshorfum á reikningsskiladegi. Niðurfærsla í árslok 2018 er metin samkvæmt kröfum IFRS 9, en niðurfærsla í árslok 2017 er metin samkvæmt kröfum IAS 39, sjá nánar hér að neðan.

Mat á niðurfærslu viðskiptakrafna í árslok 2018 samræmi við kröfur IFRS 9 var eftirfarandi:

Samstæðan metur niðurfærslu viðskiptakrafna út frá líkum á því að vanefndir verði einhvern tímann á líftíma viðskiptakrafna. Viðskiptakröfum er skipt í aldursflokka og niðurfærsla áætluð fyrir hvern aldurflokk sem byggir á reynslu fyrri ára, mati stjórnenda og framtíðarhorfum í efnahagsumhverfi viðskiptavina. Það er álit stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspeglir gangvirði þeirra.

Samstæðan álitur að hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun krafna séu til staðar ef upplýsingar samstæðunnar sér eða frá utanaðkomandi aðilum benda til þess að skuldari sé í greiðsluerfiðleikum eða ef krafa er komin meira en 90 daga fram yfir gjalddaga.

Taflan sýnir framlag í niðurfærslureikning eftir aldursflokkum viðskiptakrafna.

Dagar fram yfir gjalddaga	31.12.2018			
	Vænt útlánatap	Brúttó virði	Niðurfærsla	Bókfært verð
Ógjaldfallnar kröfur	2%	3.234.799	46.219	3.188.580
1-90 daga	4%	1.369.437	57.156	1.312.282
91-180 daga	10%	1.089.124	112.253	976.871
181-270 daga	20%	44.602	8.797	35.804
>271 daga	20%	129.066	26.259	102.807
Samtals		<u>5.867.028</u>	<u>250.684</u>	<u>5.616.344</u>

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla í árslok 2017 voru í samræmi við kröfur IAS 39.

	31.12.2017	
	Brúttó staða	Niðurfærsla
Ógjaldfallnar kröfur	2.007.007	24.914
1-90 daga	1.471.454	56.057
91-180 daga	183.902	24.787
181-270 daga	30.367	17.682
>271 daga	25.141	8.585
	<u>3.717.872</u>	<u>132.026</u>

14. Aðrar peningalegar eignir (framhald)**Aðrar skammtímakröfur**

	31.12.2018	31.12.2017
Virðisaukaskattur	5.214.471	4.005.085
Fyrirframgreiddur kostnaður	87.424	96.191
Fjármagnstekjuskattur	18.312	34.709
Fyrirframgreidd laun	51.355	60.032
Aðrar kröfur	382.827	320.464
	<u>5.754.389</u>	<u>4.516.482</u>

Krafa félagsins vegna virðisaukaskatts samanstendur aðallega af óafgreiddum innsendum virðisaukaskattskýrslum hjá ríkisskattstjóra fyrir tímabilin frá september 2016 til desember 2018. Ríkisskattstjóri hefur dregið í efa réttmæti þeirrar forsendu virðisaukaskráningar félagsins að félagið þjónusti millilandafor á Keflavíkurflugvelli sbr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt og félagið njóti því ekki svokallaðs núllskatts, þ.e. fái endurgreiddan virðisaukaskatt af keyptum aðföngum og þjónustu en skili ekki útskatti. Félagið aftur á móti telur að þessi mikilvæga forsenda hafi legið skýrt fyrir við upphaf skráningar félagsins á virðisaukaskrá við stofnun þess. Félagið hefur haldið sínum sjónarmiðum á lofti með rökstuddum hætti og enn hefur ekki endanlegur úrskurður verið felldur í málinu. Útgefinn ársreikningur ársins 2018 tekur mið af þeirri aðferðafræði sem beitt hefur verið frá stofnun félagsins árið 2010.

Ef niðurstaða málsins verður félaginu í óhag þá eru áhrifin veruleg fyrir félagið. Áhrifin á rekstur og efnahag í útgefnum ársreikningi 2018 væru neikvæð um 862 milljónir króna í rekstri, um 4.623 milljónir króna til hækkunar á varanlegum rekstrarfjármunum en samsvarandi lækkun á öðrum skammtímakröfum. Þá kæmi fram um 690 milljóna króna lækkun á stöðu eigin fjár að teknu tilliti til skattaáhrifa.

Breytingar hafa nú verið gerðar á lögum um virðisaukaskatt sem tekur af öll tvímæli um heimild félagsins til að beita þeirri aðferðafræði sem beitt hefur verið frá stofnun félagsins. Þær breytingar urðu að lögum þann 1. janúar 2019. Mismunandi túlkun félagsins og ríkisskattstjóra á ákvæðum laga um virðisaukaskatt snýr því einungis að innsendum virðisaukaskattskýrslum fyrir tímabilin frá september 2016 til desember 2018 eða fram að þeim tíma sem breytingin á lögum tók gildi.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2018	31.12.2017
Bankainnstæður í íslenskum krónum	1.624.126	1.354.884
Bankainnstæður í erlendri mynt	2.803.972	1.738.149
Innláns reikningar	1.001.250	0
Sjóður í íslenskum krónum	6.779	8.254
	<u>5.436.127</u>	<u>3.101.287</u>

15. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutfé	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í lok ársins	5.589.063	100,0%	5.589.063
	<u>5.589.063</u>	<u>100,0%</u>	<u>5.589.063</u>

Eitt atkvæði fylgir hlut ríkisins. Fjármálaráðherra fer með hlut íslenska ríkisins í félaginu. Allt hlutfé er að fullu greitt.

16. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2018	31.12.2017
Skuldir í EUR	27.851.711	24.611.729
Skuldir í USD	2.892.813	2.764.134
Skuldir í ISK	6.016.029	6.363.030
	<u>36.760.553</u>	<u>33.738.894</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	<u>(3.133.778)</u>	<u>(8.223.715)</u>
	<u>33.626.775</u>	<u>25.515.178</u>

Breyting langtímaskulda á árinu greinist þannig:

Staða í ársbyrjun	33.738.894	24.206.482
Ný lán á árinu	9.824.100	9.984.250
Afborganir ársins	(8.514.747)	(1.234.444)
Gengismunur og verðbætur	1.712.306	782.605
Staða í lok ársins	<u>36.760.553</u>	<u>33.738.894</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2018	31.12.2017
Afborganir 2018		8.223.715
Afborganir 2019	3.133.778	4.634.826
Afborganir 2020	5.068.473	1.409.903
Afborganir 2021	1.494.920	1.416.623
Afborganir 2022	1.408.541	1.332.836
Afborganir 2023	1.669.171	1.334.825
Afborganir síðar	23.985.670	15.386.166
	<u>36.760.553</u>	<u>33.738.894</u>

Lán að fjárhæð 35.642,8 milljónum króna eru háð fjárhagsskilyrðum varðandi hlutfall eigin fjár. Þar af eru lán að fjárhæð um 22.120,3 milljónum króna einnig háð skilyrðum um hlutfall hreinnar vaxtaberandi skulda af EBITDA. Reglulega er farið yfir fjárhagsskilyrðin og er það mat stjórnenda að ekki sé hætt á að þau falli.

17. Tekjuskattskuldbinding

	31.12.2018	31.12.2017
Staða í upphafi árs	2.056.586	1.987.019
Áhrif samsköttunar	0	(3.992)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins	1.035.653	972.229
Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári	(953.694)	(898.670)
Þýðingarmunur	93	0
Staða í lok árs	<u>2.138.638</u>	<u>2.056.586</u>

Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins :

	31.12.2018	31.12.2017
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.400.675	1.974.767
Veltufjáreignir	(559)	2.594
Aðrir liðir	(256.442)	1.138
Gengismunur	(5.036)	78.087
	<u>2.138.638</u>	<u>2.056.586</u>

18. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir	31.12.2018	31.12.2017
Innlendar viðskiptaskuldir	1.508.057	1.890.185
Erlendar viðskiptaskuldir	350.523	386.814
	1.858.581	2.276.999
Næsta árs afborganir langtímaskulda	31.12.2018	31.12.2017
Skuldir við lánastofnanir	3.133.778	8.223.715
	3.133.778	8.223.715
Aðrar skammtímaskuldir	31.12.2018	31.12.2017
Virðisaukaskattur	30.388	23.596
Fyrirframinnheimtar tekjur	13.477	13.232
Ógreitt viðbótarframlag í lífeyrissjóð	295.460	292.551
Ógreidd laun og launatengd gjöld	696.103	645.885
Ógreidd orlofsskuldbinding	1.304.353	1.227.694
Ógreiddir áfallnir vextir	159.662	150.669
Aðrar skuldir	92.097	88.311
Fyrirframinnheimtar tekjur	226.223	129.791
Ólokinn verkamningur	37.004	455
	2.854.767	2.572.183

19. Fjármálagerningar**Flokkar fjármálagerninga**

Fjáreignir og fjárskuldir félagsins eru eftirfarandi og eru allar skráðar á afskrifuðu kostnaðarverði:

Fjáreignir	31.12.2018	31.12.2017
Handbært fé	5.436.127	3.101.287
Fjáreignir sem ætlað er að halda til gjalddaga	190.481	225.226
Lán og kröfur	11.232.362	9.014.140
Fjárskuldir	31.12.2018	31.12.2017
Aðrar fjárskuldir	42.427.594	39.486.228

Lán og kröfur og aðrar fjárskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að frádreginni virðisryrnun.

Áhættustýring

Félagið hefur sett sér heildstæða áhættustefnu og til staðar er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að meta og stýra þeim áhættuþáttum sem félagið býr við. Þær áhættur sem eru undir virkri stýringu eru markaðsáhætta, mótaðilaáhætta og lausafjáraáhætta. Þá hafa aðrar áhættur sem tengjast m.a. rekstri, orðspori, stjórnun og öðrum þáttum verið kortlagðir og mat lagt á þá útfra alvarleika annars vegar og líkindum hins vegar. Áhættunefnd félagsins fundar reglulega um málefni sem tengjast áhættustýringu.

19. Fjármálagerningar (framhald)**Vaxtaáhætta**

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Vaxtabreytingar hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldum sem bera breytilega vexti.

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta á hreinar vaxtaberandi eignir og skuldir hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé.

Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2018		31.12.2017	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé	(88.085)	(176.169)	(116.511)	(233.022)

Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gjaldmiðlaáhætta myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli.

Meirihluti eigna samstæðunnar er í íslenskum krónum en þó á samstæðan nokkuð af erlendum fjáreignum. Meirihluti langtímaskulda samstæðunnar er í erlendum gjaldmiðlum. Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar samstæðunnar sem mest áhrif hafa á rekstur samstæðunnar. Upplýsingar um gengi og útreikning á flökti taka tillit til miðgengis.

Mynt	Árslokagengi		Meðalgengi	
	2018	2017	2018	2017
EUR	133,23	125,05	127,73	120,54
GBP	148,33	140,98	144,35	137,45
JPY	1,057	0,928	0,980	0,951
CHF	118,23	107,07	110,72	108,43
DKK	17,84	16,80	17,14	16,20
NOK	13,40	12,73	13,31	12,93
SEK	13,02	12,71	12,46	12,52
USD	116,33	104,42	108,38	106,78
CAD	85,47	83,32	83,61	82,36
HUF			0,40	

Gjaldmiðlaáhætta 31.12.2018

	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR	2.648.281	28.132.478	(25.484.197)
GBP	680.592	13.425	667.167
JPY	1.684	0	1.684
CHF	3.904	10.714	(6.810)
DKK	156.023	33.603	122.420
NOK	3.431	2.358	1.072
SEK	2.421	185	2.236
USD	158.307	2.946.636	(2.788.329)
CAD	2.515	0	2.515
HUF	2.292	1.358	935

19. Fjármálagerningar (framhald)

Gjaldmiðlaáhætta 31.12.2017

	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR	2.180.470	24.863.853	(22.683.383)
GBP	36.376	19.263	17.112
JPY	832	0	832
CHF	6.801	12.074	(5.273)
DKK	78.037	6.871	71.166
NOK	1.293	7.171	(5.878)
SEK	915	2.016	(1.101)
USD	309.855	2.962.730	(2.652.875)
CAD	3.385	0	3.385

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% veikingu krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi gjaldmiðli á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá þær erlendu eignir og skuldir sem næmnigreiningin tekur til, en þær eru að verulegum hluta erlendar lántökur og erlendar bankainnistæður og viðskiptakröfur. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendum gjaldmiðli er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Styrking krónunnar um 5% og 10% gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Áhrif á afkomu og eigið fé

	31.12.2018		31.12.2017	
	5%	10%	5%	10%
EUR	(1.019.368)	(2.038.736)	(907.335)	(1.814.671)
GBP	26.687	53.373	684	1.369
JPY	67	135	33	67
CHF	(272)	(545)	(211)	(422)
DKK	4.897	9.794	2.308	4.615
NOK	43	86	(235)	(470)
SEK	89	179	(44)	(88)
USD	(111.533)	(223.066)	(106.115)	(212.230)
CAD	101	201	135	271
HUF	37	75	0	0

Útlánaáhætta

Í útlánaáhattu felst áhættan á því að mótaðilar samstæðunnar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að samstæðan tapar á fjármálagerningum sínum. Samstæðan fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhattu. Nánari lýsingu á mati samstæðunnar á væntu útlánatapi vegna fjáreigna má finna í skýringum 2 (reikningsskilaaðferðir vegna virðisrýrnunar fjáreigna) og 14 (mat á niðurfærslu viðskiptakrafna). Samstæðan færir ekki niðurfærslu skuldabréfaeignar sem nema lágum upphæðum og niðurfærsla yrði að mati stjórnenda óveruleg.

	31.12.2018	31.12.2017
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur	190.481	225.226
Viðskiptakröfur	5.616.752	4.653.881
Aðrar kröfur	5.615.610	4.360.259
Handbært fé	5.436.127	3.101.287
	<u>16.858.970</u>	<u>12.340.652</u>

Hámarksútlánaáhætta samstæðunnar er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að ofan.

19. Fjármálagerningar (framhald)

Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er áhættan á því að samstæðan lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í náinni framtíð. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur hafa.

	Til greiðslu innan eins árs	Til greiðslu eftir 1- 4 ár	Til greiðslu eftir 4 ár	Samtals
Skuldir 31.12.2018				
Óvaxtaberandi	5.667.042	0	0	5.667.042
Með fljótandi vöxtum	3.020.407	9.052.786	15.553.646	27.626.839
Með föstum vöxtum	113.371	588.319	8.432.024	9.133.714
	<u>8.800.819</u>	<u>9.641.105</u>	<u>23.985.670</u>	<u>42.427.594</u>
Eignir 31.12.2018				
Óvaxtaberandi	11.233.388	0	0	11.233.388
Með fljótandi vöxtum	5.472.615	123.593	29.374	5.625.582
	<u>16.706.003</u>	<u>123.593</u>	<u>29.374</u>	<u>16.858.970</u>
Hrein staða 31.12.2018	<u>7.905.184</u>	<u>(9.517.512)</u>	<u>(23.956.296)</u>	<u>(25.568.624)</u>

	Til greiðslu innan eins árs	Til greiðslu eftir 1- 4 ár	Til greiðslu eftir 4 ár	Samtals
Skuldir 31.12.2017				
Óvaxtaberandi	5.747.334	0	0	5.747.334
Með fljótandi vöxtum	8.119.749	8.405.433	16.027.382	32.552.564
Með föstum vöxtum	103.966	388.755	693.609	1.186.330
	<u>13.971.050</u>	<u>8.794.187</u>	<u>16.720.991</u>	<u>39.486.228</u>
Eignir 31.12.2017				
Óvaxtaberandi	9.016.248	0	0	9.016.248
Með fljótandi vöxtum	3.136.142	151.134	37.128	3.324.404
	<u>12.152.391</u>	<u>151.134</u>	<u>37.128</u>	<u>12.340.652</u>
Hrein staða 31.12.2017	<u>(1.818.659)</u>	<u>(8.643.053)</u>	<u>(16.683.863)</u>	<u>(27.145.576)</u>

20. Önnur mál

Tekjur vegna alþjóðaflugþjónustu

Á grundvelli þjónustusamnings við innanríkisráðuneytið veitir félagið flugleiðsöguþjónustu innan íslenska flugupplýsingasvæðisins og hluta flugupplýsingasvæðis Grænlands og Færeyja í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins gagnvart alþjóðasamningum. Um skuldbindingu þessa er í gildi svonefndur Joint Financing samningur sem gerður var árið 1956 á milli þrettán aðildarríkja ICAO, Alþjóðaflugmálastofnunarinnar en nú eru ríkin tuttugu og fjögur talsins. Notendur þjónustunnar greiða fyrir hana að fullu.

Dómsmál

Á árinu 2015 höfðaði Drífa ehf. dómsmál á hendur Isavia ohf. þar sem krafist er skaðabóta vegna meints tjóns í tengslum við framkvæmd forvals vegna leigu verslunarrýmis á frihafnarsvæði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Dórnfnnd forvalsins taldi tilboð annars bjóðanda hagstæðara en tilboð Drífu ehf. Stefnumfjárhæð í málinu er nú um 1,5 milljarðar króna. Isavia ohf. telur að í öllu hafi rétt verið staðið að forvalinu og að málatilbúnaður Drífu ehf. sé tilhæfalaus.

21. Aðrar skuldbindingar**Rekstrarleyfi**

Isavia hefur starfsleyfi vegna flugleiðsöguþjónustu samkvæmt reglugerð 1129/2014 um starfsleyfi flugleiðsöguþjónustu og starfsleyfi vegna flugvalla samkvæmt reglugerð 464/2007 um flugvelli. Félagið er einnig handhafi flugrekstrarleyfis til að starfrækja verkflug (flugprófanir ofl.) samkvæmt reglugerð 97/2009. Starfsleyfin eru veitt til mismunandi langs tíma. Starfsleyfi flugleiðsöguþjónustu gilda til 2021 og starfsleyfi Keflavíkurflugvallar, Reykjavíkurflugvallar, Akureyrarflugvallar og Egilsstaðaflugvallar eru ótímabundin. Skráðir landingarstaðir eða aðrir flugvellir þar með talið áætlunarflugvellir eru með ótímabundið starfsleyfi.

Félaginu er skylt í allri starfsemi sinni að virða og standa við þær skuldbindingar sem stjórnvöld hafa undirgengist og þau síðar kunna að undirgangast er varða flugvelli, flugvallarsvæði og flugstöðvar og starfsemi þá sem stjórnvöld fara með og yfirtaka.

Á ófriðartímum og í neyðartilvikum er félaginu skylt að veita hervöldum Bandaríkjanna aðgang og afnot af Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Alþjóða- og öryggisskrifstofa utanríkisráðuneytisins skal sjá um að hafa milligöngu um öll bein og óbein samskipti félagsins við varnarliðið.

Þjónustusamningur vegna framkvæmda

Þjónustusamningur milli innanríkisráðuneytis og félagsins tekur meðal annars til viðhalds og stofnframkvæmda vegna flugvalla annarra en Keflavíkurflugvallar. Félagið starfar með samgönguráði og leggur fyrir það tillögur um viðhaldsverkefni og stofnframkvæmdir sem félagið telur nauðsynlegt að ráðist verði í hverju sinni. Þau verkefni sem falla undir þennan lið eru því samþykkt í samgönguáætlun. Greitt er til félagsins samkvæmt greiðsluáætlun þjónustusamningsins. Árið 2018 námu framkvæmdir og viðhaldsverkefni sem greiddar eru af þessum hluta þjónustusamningsins 150,5 milljónum króna (2017: 246,9 milljónir króna).

Þjónustusamningar vegna reksturs

Á grundvelli þjónustusamnings við innanríkisráðuneytið veitir félagið flugleiðsöguþjónustu í innanlandsloftþrymi og á alþjóðlegu flugsvæði og sér um rekstur, viðhald og uppbyggingu flugvalla, landingarstaða og útgáfu AIP handbókar.

Félagið er skuldbundið til að hafa í gildi allar lögbundnar tryggingar þar með talin ábyrgðartrygging flugleiðsöguþjónustu og flugvalla. Vátryggingarvernd ábyrgðartryggingar flugleiðsöguþjónustu og flugvalla fyrir árið 2019 er USD 1.500.000.000.

Ábyrgðartrygging flugleiðsöguþjónustu og flugvalla er undanskilin bótaskyldu vegna hryðjuverka. Félagið hefur því keypt hryðjuverkatryggingu flugleiðsöguþjónustu og flugvalla fyrir árið 2019 sem bætir tjón fyrir allt að USD 1.500.000.000.

Flugvél félagsins TF-FMS hefur verið tryggð að fjárhæð USD 5.570.000 ásamt mælitækjum hennar að fjárhæð USD 2.500.000.

Félagið hefur keypt ábyrgðartryggingu stjórnar og stjórnenda sem bætir tjón fyrir allt að ISK 300.000.000.

Skuldbinding vegna starfsmanna

Félagið er með allar tryggingar vegna starfsmanna í samræmi við gildandi kjarasamninga nema tryggingu vegna skírteina flugumferðastjóra. Samkvæmt kjarasamningum flugumferðastjóra skal félagið á sinn kostnað tryggja skírteini hvers flugumferðastjóra sem hefur VFR- og/eða IFR-starfsréttindi. Félagið hefur ekki keypt tryggingu og hvílir því skuldbinding á Isavia ohf. ef til kæmi skírteinamissir flugumferðastjóra í samræmi við kjarasamninga.

22. Tengdir aðilar

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila samstæðunnar eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða veruleg áhrif. Móðurfélag og félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð eða hefur veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar. Félagið er opinbert hlutafélag en opinberum aðilum eru veittar undanþágur að hluta til frá kröfum um upplýsingagjöf vegna tengdra aðila í endurbættri útgáfu af IAS 24.

Upplýsingar um laun stjórnar og forstjóra koma fram í skýringu nr. 5. Sala á vöru og þjónustu til lykilstjórnenda og aðila tengdra þeim voru óveruleg.

23. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 7. mars 2019.

24. Kennitölur

Úr rekstrarreikningi:	2018	2017
Arðsemi		
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA)	11.298.021	9.853.236
a) Framlegðarhlutfall rekstrar	27,04%	25,95%
b) Hagnaðarhlutfall	10,20%	10,40%
c) Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutfjár (EPS)	0,76	0,71
d) Arðsemi eigin fjár	12,86%	13,60%

a) EBITDA/rekstrartekjur	b) Hagnaður ársins/rekstrartekjur
c) Hagn. á hverja krónu nafnverðs hlutfjár (EPS)	d) Hagnaður/meðalstaða eigin fjár

Úr efnahagsreikningi:	31.12.2018	31.12.2017
Nýting fjármagns		
e) Fjárbinding í birgðum	0,02	0,01
f) Veltuhraði eigna	0,55	0,58
g) Veltuhraði birgða	10,71	10,96
h) Veltuhraði viðskiptakrafna	8,14	10,43

e) Birgðir/rekstrartekjur	g) KSV/meðalstaða birgða
f) Rekstrartekjur/meðalstaða heildareigna	h) Rekstrartekjur/meðalstaða viðskiptakrafna

Greiðsluhæfi		
i) Lausafjárhlutfall	1,91	0,88
j) Veltufjárhlutfall	1,99	0,92
k) Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA	2,77	3,11

i) Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir	j) Veltufjármunir/skammtímaskuldir
--	------------------------------------

Fjárhagslegur styrkur		
l) Eiginfjárhlutfall	44,18%	42,74%
m) Innra virði hlutfjár	6,31	5,55

l) Eigið fé/heildarfjármagn	m) Eigið fé/hlutafé
-----------------------------	---------------------

Úr sjóðstreymi ársins:	2018	2017
n) Skuldaþekja handbærs fjár	0,16	0,08
o) Gæði afkomu	1,68	0,80
p) Gæði rekstrarhagnaðar	1,12	0,76

n) Handbært fé frá rekstri/skuldir	o) Handbært fé frá rekstri/hagnaður
	p) Handbært fé frá rekstri án vaxta/rekstrarhagnaður

Rekstrargjöld sem hlutfall af rekstrartekjum	2018	2017
Kostnaðarverð seldra vara/rekstrartekjur	15,65%	15,39%
Laun og tengd gjöld/rekstrartekjur	43,76%	44,09%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður/rekstrartekjur	1,30%	1,65%
Annar rekstrarkostnaður/rekstrartekjur	12,25%	12,93%
Afskriftir/rekstrartekjur	8,28%	8,77%
Rekstrargjöld/rekstrartekjur	81,25%	82,82%

25. Starfsþáttayfirlit
Starfsþáttayfirlit eru birtar eftir rekstrarskipulagi og innri upplýsingagjöf stjórnenda. Starfsþættirnir skiptast eftir þremur rekstrarsviðum en stoðsvið falla undir annað. Meginhluti Flugleiðsögusviðs samanstendur af þjónustu við flugrekendur á grundvelli milliríkjasamnings (Joint Finance). Innanlandskerfi er rekstur flugvalla og flugturna innanlands. Keflavíkflugvöllur er rekstur flugvallar og flugturns í Keflavík auk Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Tekjur stærstu viðskiptavina Isavia ohf. eru frá Ícelandair Group 7.478,7 milljónir króna eða um 23% (2017: Icelandair Group 6.879,8 mkr.; 23%) og frá Fríhöfninni 4.596,2 milljónir króna eða um 14% (2017: Fríhöfn 4.166,5 mkr.; 14%) af rekstrartekjum félagsins.

Afkoma innanlandskerfis byggir að miklu leyti á þjónustusamningi milli ríkisins og Isavia ohf. Rekstrarfækoma í starfsþáttayfirlitinu tekur ekki tillit til fjárfestinga Isavia í varanlegum rekstrarfjárum sem nýttir eru til rekstrar innanlandsflugvalla. Frá árinu 2011 hefur uppsafnaður rekstrarfæknaður fyrir fjármagnsliði verið samtals 110,4 milljónir króna á meðan áætlaður uppsafnaður kostnaður Isavia vegna fjárfestingarinnar nemur um 370,7 milljónum króna. Það vantar því töluvert upp á að rekstrarfækoma innanlandskerfis hafi staðið undir fjárfestingu Isavia í varanlegum rekstrarfjárum vegna innanlandsflugvalla á árunum 2011 - 2018.

Innan tekna í starfsþáttunum eru leigutekjur að fjárhæð um 8.149,2 milljónir (2017: um 7.073,7 milljónir) sem falla undir gildissvið IAS 17 Leigusamningar. Aðrar tekjur sem tilgreindar eru hér að ofan eru innan gildissviðs IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavinum. Nánari lýsing á eðli tekna og tímasetningu tekjuskráningar félagsins er að finna í skýringu 2.

Starfsþáttagreining 2018

	Flugleiðsaga	Innanlandskerfi	Keflavíkur- flugvöllur	Fríhöfn	Annað	Jöfnun	Samstæða
Tekjur:							
Tekjur frá brjóða aðila	7.225.351	2.484.642	18.392.965	13.479.989	205.407		41.788.354
Innanfélagstekjur	756.893	43.592	4.631.737		829.230	(6.261.452)	0
Heildartekjur	7.982.245	2.528.233	23.024.702	13.479.989	1.034.637	(6.261.452)	41.788.354
Afkoma:							
Rekstrarfæknaður	625.204	81.669	6.969.132	193.503	(32.412)		7.837.095
Fjármagnsliðir							(2.539.744)
Afkoma fyrir skatta							5.297.352
Afkoma ársins							4.261.698
Efnahagsreikningur:							
Fastafjármunir							62.314.137
Aðrar eignir óskiptar á starfsþætti	4.024.807	1.318.038	55.504.853	375.621	1.655.112	-564.293	17.519.544
Heildareignir							79.833.681
Heildarskuldur							44.566.233
Aðrar upplýsingar:							
Fjárfestingar ársins	522.858	199.310	5.280.969	64.354	94.631		6.162.121
Afskriftir ársins	321.443	107.097	2.876.055	100.060	56.270		3.460.925

25. Starfsþáttayfirlit (framhald)

Starfsþáttagreining 2017

	Flugleiðsaga	Innanlandskerfi	Keflavíkur- flugvöllur	Fríhöfn	Annað	Jöfnun	Samstæða
Tekjur:							
Tekjur frá brjóða aðila	6.766.500	2.391.179	16.305.631	12.256.870	254.114		37.974.293
Innanfélagstekjur	735.691	66.061	4.255.892	0	655.589	(5.713.232)	0
Heildartekjur	7.502.190	2.457.240	20.561.523	12.256.870	909.703	(5.713.232)	37.974.293
Afkoma:							
Rekstrarfæknaður	608.307	104.233	5.745.106	241.244	(16.058)	(159.692)	6.523.140
Fjármagnsliðir							(1.606.816)
Afkoma fyrir skatta							4.916.324
Afkoma ársins							3.948.586
Efnahagsreikningur:							
Fastafjármunir							59.692.959
Aðrar eignir óskiptar á starfsþætti	3.894.852	1.226.600	52.686.490	412.152	2.037.157	-564.293	12.855.335
Heildareignir							72.548.293
Heildarskuldur							41.542.814
Aðrar upplýsingar:							
Fjárfestingar ársins	586.158	411.516	13.055.694	157.419	385.252		14.596.038
Afskriftir ársins	307.669	91.221	2.780.835	95.834	54.537		3.330.096

